



Lífgeislur

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

18. tbl. Sept. 1978

Allur heimurinn gægist inn í huga mannsins ef hann hefur vit til
að taka á móti því.

Helgi Pjeturss

Seyfert-vetrarbrautir

(Sjá forsíðumynd)

Ein tegund óvenjulegra vetrarbrauta eru hinar svokölluðu Seyfert-vetrarbrautir, kenndar við Carl Seyfert, sem fyrstur varð til að uppgötva þær árið 1944 og finna sum af hinum óvenjulegu einkennum þeirra.

Það sem einkum gerir þær frábrugðnar venjulegum vetrarbrautum, er hin afarsterka orkuútgislun, sem frá þeim stafar. Þetta orkustreymi er um 100 sinnum meira heldur en samanlagt orkuútreymi okkar vetrarbrautar og annarra stórra vetrarbrauta, og það sem vekur sérstaka athygli er það, að þessi gífurlega orkuútgislun stafar frá ákaflega litlum miðkjarna vetrarbrautarinnar.

Meirihluti af orkumagni Seyfert-vetrarbrauta geislar sér út á infrarauðum bylgjulengdum, en í heildinni er orkumagnið gífurlegt, eins og áður segir. Stjörnufræðingar velta því fyrir sér þeirri spurningu, hver vera muni uppspretta þessarar miklu orku.

Miðkjarni Seyfert-vetrarbrauta er svo lítill, að talið er að hann sé yfirleitt ekki meira en svo sem 10 ljósár í þvermál, og því mjög margfalt minni en miðkjarninn í okkar vetrarbraut, sem er um 10 þúsund ljósár í þvermál, og heildarefnismagn þessara vetrarbrauta er yfirleitt ekki meira og jafnvel minna en í okkar vetrarbraut.

Þótt Seyfert-vetrarbrautir séu ákaflega bjartar og orkugeislandi, miðað við okkar vetrarbraut og aðrar hliðstæðar vetrarbrautir, þá hefur komið í ljós, að þær eru einskonar millistig, hvað snertir birtu og orkumagn, á milli venjulegra vetrarbrauta og þeirra vetrarbrauta sem allra bjartastar hafa fundist í ríki himnanna, en það eru svokallaðar Kvasar-vetrarbrautir, en þær eru björtustu hlutir sem uppgötvaðir hafa verið í alheimi, og eru eins miklu bjartari Seyfert vetrarbrautunum eins og Seyfert-vetrarbrautir eru bjartari en okkar vetrarbraut og aðrar hliðstæðar, enda standa stjörnufræðingar og aðrir vísindamenn enn ráðþrota yfir að finna eðlisfræðilegar lausnir eða skýringar á því gífurlega orkumagni, sem frá þeim streymir.

Líf og líforka hefur enn lítt verið tengd stjörnufræðinni, af þeim, sem um þau mál fjalla. En mætti ekki hugsa sér, að æðra líf, óendanlega orkumagnað, eigi nú einmitt þátt í hinni ótrúlega öfluglu efnisgeislun, sem Seyfert- og Kvasar-vetrarbrautir senda frá sér?

Inguar Agnarsson.

Myndin sýnir Seyfert-vetrarbraut NGC 4151.

K. O. SCHMIDT (1904—1977) OG „GUÐIRNIR Á SÍRÍUSI“

Bókin: „Guðirnir á Síríusi“ barst mér nú í sumar frá mönnum sem ég hafði skömmu áður naumast haft hugmynd um að væru til, en hef síðar komið að því, hvað þar er um öfluga hreyfingu og góða viðleitni að ræða. En tildrög þess að þetta samband stofnaðist var að nýtt hefti af blaði mínu, Interstellar Bulletins, þar sem sagt er frá Óðinstilrauninni, ráðstefnu fyrirburðafræðinga og stofnun nýs aflsvæðis, barst þessum mönnum í hendur.

Bókin „Guðirnir á Síríusi“ er vitranir frá öðrum hnetti, og er það nú undireins stórmerkilegast, að vitranir þessar höfðu gefmzt í huga höfundarins í rúm sextíu ár áður en hann megnaði að segja frá þeim eins og hann vildi — en það var: ljóst og einfaldlega og án nokkurs umbúnings. *K. O. Schmidt*, en svo hét höfundur þessarar bókar, var að vísu víðkunnur rithöfundur í Þýzkalandi, og hafði bækur eftir hann komið út samtals í milljónum eintaka, lét um sólstöður í fyrra, skömmu eftir að hann lét þessa bók frá sér fara, og hafði þó aldrei verið virkari sem rithöfundur en einmitt þá. Var það mikill skaði að unnendur Nýals skyldu ekki ná því að hafa samband við hann, því ef satt skal segja, þá stendur þessi bók hans nær málefni Nýals en nokkur önnur erlend bók, sem ég hef lesið eða haft fregnir af. Enda við slíku að búast, þar sem hún segir frá vitrunum frá æðra mannkyni á öðrum hnetti, og höfundurinn gerir sér grein fyrir því að svo er.

K. O. Schmidt, sem var ættaður frá Laboe við Flensborg í Norður-Þýzkalandi og átti til danskra forfeðra að telja, en bjó lengst af í Reutlingen í Suðvestur-Þýzkalandi, var alla ævi mjög hæglatúr og hófsamur maður. Bækur hans eru margar leiðbeiningabækur til fólks um það að lifa lífinu sér til ávinnings heldur en niðurrífs, og er ekki að efa að margur hefur hlotið gott af þeim bókum (lífisfræði). Í víðara samhengi skoðað mætti líta á þessi rit K. O. Schmidts og önnur sem neista frá hinum falda eldi vitrunarinnar miklu frá öðrum hnetti. En frá henni tókst honum loks að segja í bók sinni „Guðirnir á Síríusi“, sem út kom árið 1976 — sama árið og bókin *Astrobiology* á Íslandi. K. O. Schmidt var einn af beztu boðberum stjarnanna á þessari jörð, og ég vona og veit, að allir sannir unnendur Nýals munu heiðra minningu hans.

P. G.

„Guðirnir á Síriusi“

eftir K. O. Schmidt

Hvernig þessi frásögn varð til

Fram til þessa höfum *við mennirnir* talið okkur vera drottna lífsins og jarðarinnar. Það vorum *við* sem urðum vitni að undrum lífsins, réðum ótaldar gátur dýraríkis og jurtalífs, opnuðum útsýni til víðáttu geimsins, sviftum hulunni af kjarna öreindanna, renndum grun í hin duldustu öfl . . .

. . . Frá hverju því aðsetri siðmenningarinnar sem skapast náði í aldanna rás, héldu menn út til að nema og finna ókunn lönd, kynnast nýjum þjóðum, fundu síðan hnattlöggun jarðar, sóttu fram til heimskautanna, fóru loks að skilja víðáttur sólhverfisins og vetrarbrautarinnar, — þessarar „eyju í geimnum“, sem sólناسamband vort er með sínum milljörðum sólna. Og nú sjáum við í stjörnusjám okkar milljónir á milljónir ofan vetrarbrauta og sólناسveipa sem hringdansa geiminn um víðáttur ljósáramilljarðanna svo langt sem geislar þeirra ná að bera sín boð.

Okkur hefur lært að beizla krafta náttúrunnar, og að lokum að ná tókum á þeim furðulegu kröftum sem frum-eindirnar búa yfir. Við hrundum í framkvæmd möguleikunum til geimferða og teljum nú þessi afrek mannlegs anda veita okkur rétt til þess að kalla okkur drottna veraldarinnar.

En hin stórkostlegasta allra uppgötvana biður okkar enn: að gera okkur ljóst að við höfum fyrir löngu verið uppgötvaðir af öðrum, þar sem eru hinir lengrakomnu íbúar annarra stjarnheima, og að nánar gætur hafa verið á okkur hafðar þaðan. Þar eru þeir, sem oft munu leiða hugann að

því hvenær sá tími komi, að unnt verði að veita íbúum jarðar upptöku í Samband Vetrarbrautarinnar. En slík upptaka myndi þýða, að hraðað yrði allri framþróun jarðarinnar, samfara aukinni hlutdeild hennar í menningar- og framfarararfi háþróaðra mannkynja vetrarbrautarinnar, sem fyrir löngu hafa gert sér grein fyrir sambandi sínu við önnur mannkyn.

Það mun geta stuðlað að skilningi á þessu, að menn geri sér grein fyrir því, að íbúar annarra stjarna hafa á umliðnum öldum náð sambandi við *einstaka* Jarðarmenn, sem fyrir sérstakar ástæður og hæfileika voru móttækilegir fyrir hugsendingar utan úr geimnum. Slíkum mönnum var það veitt að sjá sýnir frá öðrum hnöttum, fá hlutdeild í því sem þar er og hafa þannig grun af því sem á að valda úrslitum og aldaskiptum í sögu Jarðarmannkynsins: það er innganga þess í Bandalag Vetrarbrautarinnar.

Hinir fyrstu neistar sambandsins voru þeir sem kveiktu af sér hugmyndaflug um möguleika lífs utan jarðarinnar, — í ritum eins og „Stjarnfræðilegum draumi“ Keplers allt fram til bókar Lasswitz: „Á tveimur reikistjörnum“. Síðan kom „flugdiska“-bylgjan, og nærri samtímis vísindaskáldsögur og geimferðasögur. Í slíkum sögum bar þó oft — þó að greina mætti þar glætu af vitund um hið æðra líf alheimsins — mest á jarðneskri og mannlegri ófullkomnun, sem hugur höfundanna var of bundinn við, og aðeins fáir og dreifðir geislar hins fullkomnara lífs náðu að skína í gegnum. Engu að síður er hér um að ræða tildrög þess að hugsað verði til stjarnanna meir en áður.

Til voru þó og til eru enn sannari lýsingar á veruleika lífsins á öðrum stjörnum og möguleikum þess í hinum mikla alheimi.

Þegar á dögum hinna fornu „Atlendinga“ (íbúa Atlanzhafstranda), Indverja og Egypta, komu fram í prestastétt menn, sem vegna vakandi meðvitundar sinnar gagnvart mikilleika heimsins máttu teljast „stjarngæzlumenn“ („Astromantes“) öðrum fremur. Þeir renndu grun í að viljaáhrifum stafaði utan úr hinu órávíða djúpi, og að kraftsveipir tengdust reikistjörnum þeim og sólstjörnum sem á himni sáust.

Ýmislegt grunaði þá um fjölbreytni lífsins í alheimi, og auðsætt er að þeir gátu veitt viðtöku fjarorkusendum hugmyndum og sýnum hinna lengrakomnu stjarnbúa. Í augum

þeirra var alheimurinn lifandi heild og reikistjörnur og sólar virtist þeim að vera mundu fjarlægjar lífsstöðvar. Hugsanlegt er að arfur frá þeim sé enn til staðar í því fjölskrúðuga hugmyndasafni, sem nefnist stjörnuþáfræði.

Þessir fornu „stjarngæzlumenn“ þuldu eitthvað í fræðum sínum um „meðvitund“ sólna og reikistjarna. Þá grunaði eðlisskyldleika milli hinnar „innri sólar“ og hinnar skínandi dagstjörnu, milli hins „innra sjálfs“ og al-sjálfs guðdómsins. . .

. . Sumir þessara manna urðu trúarbragðahöfundar og spámennt, en aðrir gerðust heimspekingar, skáld, listamenn, uppfinningamenn, eða menn sem víkkuðu sjóndeildarhring sinn á einn eða annan hátt — jafnvel þótt sumir þeirra gerðu sér ekki nema lítillaga grein fyrir hinum stjarnræna uppruna innsæis síns.

Ef til vill er ég einn af gerð þessara manna, því að í bernsku minni — fyrir meir en 60 árum — bar fyrir mig margar sýnir frá hinu lengra komna lífi á öðrum stjörnum, sem enga hliðstæðu á sér í lífi jarðarinnar, og komu þessar myndir fyrir hugarsjónir mínar eins og þær væru þrívíðáttu-litmyndir. Aðeins hluta þess sem ég þá skynjaði eða hugði mig skoða og sjá, hef ég síðan skráð hjá mér.

Áður en þessar sýnir bar fyrir mig, dreymdi mig margá einkennilega drauma, og vil ég aðeins nefna hér einn þeirra:

. . . Í draumnum sá ég sjálfan mig — en sá draumur stóð mér áratugum saman óafmáanlegur fyrir hugskotssjónum — vera að flýja undan einhverju sem líktist fornaldar-skriðdýri. Mér þótti ég vera ósköp smár, en það gerði dýrinu erfiðara fyrir hvað trén stóðu þétt í skóginum, og reyndi ég að leita skjóls að baki þeirra þegar svo bar undir . . .

. . . Á flóttanum leit ég sem snöggvast við, og rak ég þá fæturna í og hrasaði um trjából, sem fallið hafði yfir mjóan troðninginn, og í fallinu rak ég nasirnar í sexstrendan kvist, sem síðan hefur orðið mér ógleymanlegur . . . Ég reis á fætur, og flýði enn sem fætur toguðu, unz ég var kominn út í jaðar skógarins . . .

Farið var að dimma af kveldi, og sá ég hvar borg ein mikil stóð í nokkurri fjarlægð, þar sem þúsundir turna teygðu sig til himins, en glampanði gluggar húsanna virtust gefa til kynna, að ljómi þeirra kæmi meir innan frá en utan. Á milli turnanna sveimuðu lítill farartæki, sem minntu á

flugvagna, og hurfu þeir inn um kringlótt op á þessum turnum . . .

. . . Í þessum svifum máðist myndin út, og þó að mig héldi áfram að dreyma, varð ekkert framhald á því sem ég hafði þarna séð. Ég fann, að ég hvarf aftur til líkama míns og hryggð fór um huga minn af því að geta ekki fengið að kynnast fleiru af því sem þarna var að sjá . . .

Minningin um þessar draummyndir rifjaðist upp fyrir mér nokkrum árum síðar, skyndilega, í jarðfræðitíma í skólanum, þegar kennarinn hengdi upp myndaspjald, sem sýndi myndir úr dýralífi og plöntulífi steinkolatímans. Ósjálfrátt festi ég sjónir á sérstakri tegund trjáa á myndinni og eins og ég væri knúinn til þess, kallaði ég upp: „Herra kennari! Ég hef hrasað um tré eins og þetta þarna!“

Þegar kennarinn fór að láta í ljós háðskennda vantrú sína, reyndi ég að skýra honum frá draumreynslu minni, en slíkt afgangi hann hlæjandi sem hreinan heilaspuna, og eftir það vogaði ég mér ekki framur um þetta að tala.

Nú kem ég að *sambandssýnum mínum úr alheimi*, en það sem mér birtist af því tagi, var mér í fyrstu gersamlega óskiljanlegt. Undarlegast var það þó, og á því hef ég furðað mig mest fram á þennan dag, að við því sem ég sá og lifði í þessu sambandi, brást ég ekki við sem *barn* heldur sem *fullorðinn maður*.¹⁾ Það var eins og einhver sá þroski sem ég hefði áunnið mér í fyrra lífi, brytist hér fram í vitund minni, og í hinu sýngefandi sambandi og hugar-samtali fannst mér ég

¹⁾ Athyglisvert er hvernig það kemur *berlega í ljós*, hjá þessum sannleiksleitandi rithöfund, *hvernig* endurburðarhyggja hans er til komin. Hann gerir sér eðlilega ekli grein fyrir því, sem barn, að í leiðslu-ástandinu er önnur og miklu fullkomnari vitund komin fram í honum. Sambandsgjafi hans er maður vel til þroska kominn, áreiðanlega fullorðinn eftir jarðneskum mælikvarða, ef til vill miklu meira en það. Tilfinningin fyrir þroska sambandsgjafans fylgir K. O. Schmidt í hvert skipti sem hann minnst sambandsins. Út frá þessu leiðist hann svo út í misskilning endurburðartrúarinnar — og má þó segja, að í þessu ágæta riti geri hann ekki meira en rétt tæpa á þeirri trú á tveimur stöðum.

vera andleg vera hafin yfir tímann,¹⁾ eins og mér hefur síðar á ævinni orðið ljóst að hver einasti maður hljóti að vera í sínu innsta eðli.

Ennfremur kann að vera samband milli þessarar bernsku-reynslu minnar og þess, að mér hefur löngum fundizt ég vera aðkomumaður í mannlegu félagi, og að ég væri með líkamsvist minni fjötraður við þessa jörð, jafnframt því sem ég hef sífellt þráð að losna úr þeim fjötrum.

Ein var þó sú ósk mín og þrá, sem ég gat snemma fengið fullnægt, en það var að auka mér þekkingu á hnöttum himingeimsins og stjörnufræðilegum efnum.

Á undan hinum eiginlegu stjarngeimssýnum mínum fór dálítið önnur tegund reynslu, sem hér skal stuttlega að vikið:

Fyrst var það í sóttitadraumum og magnleysisköstum, síðar einnig í framhalds-draumum að vitundarsvið mitt eins og víkkaði, bæði „upp á við“ til himingeimsins og niðurá við til hins örsmáa. Eitt sinn bar fyrir mig mynd hins hraðveltandi jarðhnattar sem fór minnkandi og varð að e. k. kringlu, síðan að bláblíkandi bletti og loks að örlitlum ljósdepli í stjörnumori himingeimsins, en hinsvegar sá ég smátréflís verða að ofurvetrarbraut með milljörðum sólna.

Eitt sinn þegar ég var á gangi á sendinni sjávarströnd, niðursokkinn í hugsanir mínar, fannst mér, að — jafnframt því sem ég væri orðinn að einhverjum geysivíðtækum ljósvef gerðum úr svífandi stjörnuþyrpingum, — ég svífi yfir „jarðvegi“ sem bylgjaðist undir mér og leystist upp í milljarða leiftrandi smáheima, sem geisluðu til mín engu síður en hinar náttlegu stjarnfylkingar víðheimsins.

Þessari skynjun minni fylgdu ýmsar þær tilfinningar sem mikla gleði vöktu í huga mér:

Ein var sú, að hvert lítið skref sem ég stigi, og mér virtist aðeins vera sem lítil sekúnda, samsvaraði í tíma smáheimanna milljörðum ára.

¹⁾ „Andleg vera hafin yfir tímann“ sbr. þessi orð: „Að skynja tímann er í rauninni ekki annað en að skynja takmörkun hraðans, en það sem yfirstigi þá takmörkun færði í eitt allar fjarlægðir og ætti sjónarmið hins alkyrra og eilífa rúms“. Þorsteinn Jónsson: Samtöl um íslenska heimspeki, 1940 bls. 21.

Jafnframt þessu fannst mér ég vera eins og ósjálfráður viðtakandi hugboða og hugsendinga úr fjarlægum heimum, og hvort sem þær væru mér ætlaðar eða einhverjum öðrum, þá fælu þær í sér einhverja ótrúlega lífsfyllingu hinna lifandi vera á milljörðum byggðra hnatta, á öllum stigum víðheims og smáheims og hvar sem væri.

Og hið þriðja var sú víska, að þessi hugsambönd næðu yfir hvaða geimvíðáttu sem vera skyldi, og að takmörkun við ljóshraða hefði fyrir þau sambönd alls ekkert gildi . . .

Það sem mér á síðari árum hefur sífeldlega hlotið að finnast í mesta lagi til um, er það hve margvíslega stjarngeims-sýnir þær sem fyrir mig bar í bernsku hafa hlotið staðfestingu í heimsmynd stjarnæðlisfræðinnar eins og hún er nú á dögum. Og þá fyrst og fremst hvernig komið hefur í ljós, að alheimur vor sá sem stjörnusjónauki og radar ná til er aðeins hluti af annarri heild ennþá stærri. Ennfremur að hver alheimurinn tekur við upp af öðrum, í hið óendanlega, þannig að hver þeirra er — í grófum dráttum — hluti af efni hins víðara alheims, og að niður á við leysist það, sem fyrir vorum augum virðist vera fast efni, upp í ríki öreinda, samsett af sólhverfum og vetrarbrautum í milljarðatali.

Frá þessum sýnum bernsku minnar og frá hugsambandi mínu við verur þær, sem ég síðar nefndi eins og í líkingu „Guðina á Síriusi“, þorði ég í fyrstu ekki að segja jafnvel foreldrum mínum hvað þá öðrum. Ég skrifaði þó ýmislegt hjá mér til minnis, en hreyfði ekki við því aftur fyrr en haustið 1927, þegar snerting hins innra ljóss kveikti mér þessar sýnir að nýju.

Árangurinn af þessari síðari sambandsreynslu minni varð þau tíu smárit sem ég gaf út árið 1928 undir nafninu „Bækur hins loganda hjarta“ (sjá einkum 4. bindi hinnar 3. útgáfu). Í Taó-kaflanum þar sem ber nafnið „Að komast í samband við anda alheimsins“ lýsti ég því, hvernig það er að losna úr viðjum hinnar þröngu sjálfshyggju og skyggkast um víðáttur alvitundarinnar í víðheimi og smáheimi.

Ég lýsti því hvernig andinn vaknar til sjálfs sín þannig að aldataf, og óravíðáttur geimsins renna saman í einni stund og einum stað, hvernig sekúndur verða að óraaldri, og hvernig í ari sólargeislans blikar á undraveldi örsmárra víðheima.

„Milljarðar sólna“ sagði ég, „samtengjast í geislandi kringlu vetrarbrautarinnar. Milljónir vetrarbrauta mynda saman yfirvetrarbraut . . . Þó er þessi yfirvetrarbraut ekki hið stærsta sem til er, heldur er hún aðeins örögn í hugarveldi hinnar óravíðu alveraldar . . .

. . . Alheimar raðast saman sem frumeindir ennþá stærri heima og frumeindir eru alheimar. Og í báðar áttir blasir við óendanlegur fjöldi heima. Óendanleg er lestin upp á við og niðurávið, enginn endir al-óendanleikans.

* *

Daufur eftirómur hinna miklu stjarngeimssýna bernsku minnar var það sem fyrir mig bar haustið 1941. Og þá gerðist það í fyrsta sinn að ég sagði frá þessu. Vinur minn, sá sem ég trúði fyrir þessu, ráðlagði mér að færa þetta í búning skáldsögu um geimferðir, þar sem engin von væri til þess að slíku yrði trúað ef það væri borið fram sem sannleikur.

Ég hlýddi þessu ráði, og þannig atvikaðist það að ég skrifaði þá 420 síðna skáldsögu sem bar nafnið „Guðirnir á Síríusi“. En bæði þá og síðar reyndist mér það ógerlegt að fá svo langa sögu prentaða hjá forlagi.

Þar sem verk þetta hlaut nú að liggja óprentað, reyndi ég fimm árum síðar, 1946, að láta það sem fyrir mig hafði borið, að minnsta kosti koma fram í verki þannig, að ég setti í staðinn fyrir hin ýmsu þróunarstig Síríusarbúa eins og þau höfðu mér sýnd verið, væntanleg stig í þróun *mannkyns ins hér á jörð*. Í bók sem nefndist „Framtíð mannkynsins“ sem birtist hjá Isis-bókaútgáfunni og er löngu uppseld, reyndi ég að lýsa þróun mannkynsins frá fyrstu byrjun fram til vorra tíma, og héðan af til ofurmenna framtíðarinnar og síðar huggarþa fjarlægustu framtíðar unz við tæki veldi víðheims- og guðmenna komandi áramilljóna.

Jafnframt þessu gaf ég líttillega í skyn að unnt yrði að ná sambandi við aðrar stjörnur, og að hlið alheimsvíðáttunnar kynnu að opnast okkur hvenær sem væri — og þá ef til vill á allt annan hátt en við mennirnir gerðum okkur nú í hugarlund að orðið gæti.

* *

Áður en þetta var, var ég farinn að gefa því gætur, hvort þess sæjust merki í bókum, hvort einhverjir aðrir hefðu séð

sýnir og orðið fyrir áhrifum sem stöfuðu frá íbúum annarra hnatta.

Skyldar hugsanir fann ég hjá *Blaise Pascal* (1623—1662) og öðrum sambandsmönnum í austri og vestri, ennfremur hjá franska stjörnufræðingnum *Camille Flammarion* í bókinni *Fjöldi hinna byggðu hnatta*, sem kom fyrst út árið 1862, og síðan í fimmtíu útgáfum, og loks hjá jarðfræðingnum og mannfræðingnum *Teilhard de Chardin* (1881—1955). En hugmyndir hans um þróun jarðlífsins fram til „Depilsins Omega“ þegar áhrifa stjörnusambanda fer að gæta og jafnframt afleiðinga þess að „vithvolf“ („noosphere“) geimsins snertir jarðarmenn án þess að þeir viti — eru samsvarandi því að þeir Siríusbúar komu mér fyrir sem „Noodynamiker“ eða vitaflsmenn.

1971 gaf ég út á vegum „Þriggja-eika-forlags“ bókar-kornið: „Alheimsleið mannkynsins og vatnsberaöldin“, en hún var reyndar einn af ávöxtum hinnar fyrri sambands-reynslu minnar. Er þar lýst sókn mannkynsins út í geiminn, möguleikum lífs á öðrum hnöttum og komandi samböndum við lífið þar, sem og þróun jarðarmannkynsins frá hinum núverandi „vitiborna manni“ („*Homo sapiens*“) til hins komandi æðra mannkyns og síðar alheimsmannkyns . . .

* *

Að til væru í alheimi langtum fullkomnari menningarstig en hið jarðneska, hafði mér verið frá því að sýnirnar bar fyrir mig í æsku, — meðan fáir eða engir hugsuðu um sjónvarp, eldflaugar, kjarnakljúfa og geimferðir, ekki annað en sjálfsagður hlutur.

Nú á dögum tala helztu eðlisfræðingar, stjörnufræðingar og heimspekingar um það að flestum þeirra milljarða sólna sem mynda vetrarbraut okkar og einnig þeim sem mynda milljarða annarra vetrarbrauta, fylgi jarðstjörnur, og að á vissu hlutfalli þess órafjölda reikistjarna sé yfirborð og aðrar ástæður þannig að lífsmöguleikum og þróun fram til vits séu góð skilyrði búin.

Ennfremur muni hluti þessara jarða vera byggður verum sem standi jarðarmönnum langtum framar hvað snerti andlega og tæknilega framþróun, yfirráð yfir náttúrunni, geimferðir og sambandsmöguleika.

Mér voru þessar raddir hinna merku manna ánægjuleg staðfesting þess sem ég hafði lengi verið mér meðvitandi, eins og þegar Bernard *Lovell*, yfirmaður útvarpsmerkja-stjörnustöðvarinnar í Jodrell Bank í Englandi ritaði: „Við verðum að tileinka okkur þá hugsun, að fullkomnari verur en við menn séu einhversstaðar til í alheiminum, og hafi ef til vill náð menningarstigi, sem standi svo hátt að við megnum okkur ekki að gera okkur slíkt í hugarlund“. Eða þegar stjörnufræðingurinn Fred *Hoyle* lét í ljós þá sannfæringu sína að „í alheiminum séu til menningarsamfélög sem séu orðin milljóna ára gömul, og að um firnavíðáttur geimsins eigi sér stað boðsendingar og móttaka þeirra sem við eigum enga hlutdeild í eða vitum af“.

Um nokkurt skeið hafa ekki aðeins Bandaríkjamenn heldur einnig Rússar verið að gá að merkjum frá vitsmunaverum á öðrum hnöttum með hjálp útvarpsbylgju-sjónauka og leitað möguleika á sambandi milli stjarna . . .

. . . En útvarps- og ljósbylgjusendingar eru alls ekki sú aðferð sem hentar til þess að ná slíkum samböndum, því að þau eru of seinvirk til þess. Einungis með því að yfirstíga ljóshraðann með hjálp hugargeislunar þeirrar sem enn stendur utan viðurkenndrar eðlisfræði er hægt að ná hinum alhröðu fjarsamböndum sem tengja á augabragði saman hina fjarlægustu heima.

Ég hygg að „Guðirnir á Síríusi“ og aðrir lengrakomnir íbúar stjörnugeimsins víti um tilraunir jarðarmanna á borð við „Ozma-áætlanina“, en af ástæðum sem ljósar mega verða, muni þeir neita sér um allsherjar samband við okkur, meðan á það skortir að við mennirnir höfum náð þeim þroska í viðhorfum okkar til alheimsins sem nauðsynlegur er.

Slíks þroska hlýtur okkur Jarðarmönnum að vera ávant meðan ekki er einusinni náð þeim jarðstjörnuþroska sem lýsir sér í andlegri, stjörnmálalegri, þjóðfélagslegri og efnahagslegri einingu meðal þjóða heims.

Einungis það mannkyn sem náð hefur jarðarþroska ásamt einingu í slíkum efnem getur gert sér von um að ná alheimsþroska, þar sem andleg eining ríkir og sótt er fram til sameiginlegra framfara alls lífs í alheimi.

Eftir því sem mér skilst er það sem *öllum* verum alheimsins er *sameiginlegt* mest í því falið að lífi þeirra er allsstaðar

samfara vöxtur og framfarir ásamt skýrri meðvitund um sjálfan sig, þannig að öllum verum er áskapað að *fullkornast*, og er innsti kjarni eðlis þeirra andlegt aflsvæði sem aldrei getur glatazt eða eyðilagzt, enda hluti af frumafllsvæði allra heima og hinnar æðstu veru. Jafnframt þessu munu menn átta sig á skyldleika þessara hluta við andlegan þroska manna yfirleitt, við lifandi trú og við samvitund við líf alheimsins og mun þá einnig ná að þroskast viljinn til eindrægni meðal mannkynsins, meðal allra íbúa vetrarbrautarinnar og meðal allra vera alheimsins.

Sérstaklega gleðileg fannst mér sú tilhugsun einnig að við mennirnir eigum kost á því, með því að efla hugsun okkar og áður vanræktar sálargáfur, að öðlast *vissu gagnvart því sem í alheimi gerist*, og þegar svo er komið, að komast í náð andlegt og eðlisfræðilegt samband við íbúa stjarngeimsins, þannig að gagnkvæm virðing, umburðarlyndi og samhugur ríki milli íbúa hinna ýmsu hnatta.

* *

Hvenær og hvernig það gerist að mannkyn okkar jarðar komist á þessa braut, veltur að verulegu leyti á því, hvenær það nær að verða sjálfu sér samþykkt og nær því frambróunarstigi í siðmenningu og andlegum efnum að hugsamband við háþróaðar verur á öðrum hnöttum geti komist á.

Eins og nú er ástatt höfum vér ekki náð því þroskastigi á alheimsmælikvarða sem nauðsynlegt skilyrði er slíkra sambanda.

Þetta sem nú var sagt, var nauðsynlegt að láta koma á undan, svo að frásögn af stjarngeimssýnum mínum yrði rétt skilin.

Engu að síður er hætt við að mörgum virðist það, sem fyrir mig bar í bernsku og hér hefur verið sett fram í stórum dráttum með málfari samtíðarinnar, ótrúlegt og óskiljanlegt. Þeim sem þannig er farið skal þó sagt, að þeir mættu taka þetta sem hér stendur sem hvatningu til umhugsunar um málefni samtíðarinnar, og sem ábendingu það hvernig verða mætti framtíðarleið *mannkyns vors* á síhækkandi fullkornunarleið, en á þeirri leið mun mönnum verða margfalt betur ljóst það sem vitrana- og uppljómunarmenn hafa frá örófi alda boðað:

Öll eruð þið guðir og börn almættisins sem nú kallar ykkur til þess, að þið hefjið ykkur á hið æðra stig.

Úr órafjarska

Þannig hófst þetta:

Náttmyrkur umlukti mig . . . Upp úr einhverju myrku hlydýpi steig sorti og luktist saman yfir mér. En þó að ég sæi ekkert, var eins og ég væri að vakna af draumi, til einhvers dýpri veruleika þar sem ég væri laus úr fjötrum líkamans . . .

Þá var eins og kviknuðu í óendanlegum fjarska örlytilljósdeplar, sem sífellt fór fjölgandi, þangað til það rann upp fyrir mér að til allra átta blöstu við mér stjörnuskarar í geimnum og fannst mér ég vera orðinn eins og stjarna meðal stjarnanna.

. . . Aldrei hafði mér áður fundizt ég vera svo aleinn og þó allur-hins-Eina í senn: einmana og þó minning hins Eina . . .

Umhverfis mig veitti ég athygli stjörnumyndum dýrahringsins, sem liðu smám saman framhjá, þangað til ég varð þess var að ég eins og dróst að stjörnu-þríhyrningi nokkrum, en hann myndast — eins og mér varð síðar ljóst — af Fremri-Hundastjörnunni (Prokyon), Síríusi og Betelgeuse í Óríon, og virtist mér Síríus, sem er í neðsta horni þríhyrningsins, fara vaxandi að birtu . . .

Þannig var þetta líka: Síríus færðist nær, skein enn skærar, jafnframt því sem lítil hvítleit stjarna kom í ljós, svífandi við hlið hans . . . Samtímis því sem báðar þessar sólar urðu sífellt bjartari, fóru að sjást litlir neistakenndir deplar, sem ekki höfðu áður sézt — sjálfsagt reikistjörnur í tvísólhverfi þessu.

Enda fór það svo að hinn leiftrandi bjarti Síríus vék eins og til hliðar — og einn plánetu-depillinn færðist mér nær, óx svo að bjartri hringlaga mynd, sem að lokum yfirgnæfði alla stjörnubirtu og tók yfir allt sjónsviðið, og fór ég þá líka að taka eftir kennileitum yfirborðs hnattarins um leið og skýjaþykknið yfir þeim greiddist sundur.

Og nú var eins og jarðstjarna þessi sæist snúast um ás sinn, um leið og í ljós komu mjúkar útlínur landsvæðanna, sem tóku við hvert af öðru með ótölulegum vötnum sínum, og í kyrrð þeirri, sem þarna ríkti, liðu þau þögul hjá fyrir sjónum mínum, en engin höf eða fjallgarðar voru sjáanleg.

Töfrandi fögur voru ljósa- og litaskiptin í rökkurbelti þessarar ókunnu veraldar, þar sem tvær sólir lýstu á himni. En hitt var mér óskiljanlegt, sem ég einnig veitti athygli, að á næturhlið hnattarins voru víðsvegar hringlaga ljósblettir og í miðju þeirra nær því eins bjart og á daghliðinni . . .

Tími gafst ekki til frekari athugana. Fram úr hinu undrafagra rökkursvæði, þar sem dökkleit flæmi og rákir skiptust á steig dálítið afmarkað svæði . . . og var þar stöðuvatn að sjá, en í nánd við það frammi fyrir opnu svæði stóðu geysiháar plöntur sem líktust trjám og gnæfðu þau yfir teningslaga glerbyggingu, sem lýsti af einhverri innri birtu.

. . . Og allt í einu þótti mér sem ég horfði innan úr miðri hinn kristallskenndu byggingu út á lognslétt vatnið. Af einhverri ástæðu snerist ég á hæli og litaðist um, og sá ég þá eins og á sveimi kringum mig hluti, sem ég vissi ekki deili á . . . Enn meiri áhrif hafði þó hitt á mig að ég varð þess sterklega var að sjónir einhverrar mikillar veru hvíldu á mér, svo að ég gat mig hvergi hreyft og vakti þetta mér þá þvingandi tilfinningu, að ég stæði frammi fyrir engli eða guði.

. . . Fyrsta hugsun mín var sú, að vilja helst verða að vatni og hripa niður í jörðina. En tígulegur vöxtur þessarar miklu veru, göfgi svipsins, vald augnaráðsins og hlýleiki anda hans vöktu mér brátt einhverja máttuga tilfinningu þögnullar lotningar.

Það sem hafði þó hin dýpstu áhrif á mig var það, að vera þessi var tvímælalaust í mannsmynd, enda þótt þróun hennar væri auðsjáanlega komin langtum lengra fram yfir stig mannsins á jörðu hér en við menn erum framarmönnunum fyrir milljónum ára. Jafnframt þessu gladdist ég við þá tilhugsun, að sköpulag mannsins samsvaraði einum af hátindum lífsþróunarinnar — þó svo að vera mætti, að slíkt form væri ein af undantekningunum í hinu furðulega fjölbreytta ríki lífsins í alheimi.

Hin forngríska hugsjón þess sem þeir nefndu Kalokagapia — sameining alls hins góða og fagra — virtist mér hafa

líkamast í fullkominni einingu í sköpulagi og svíp þessarar veru. Fögur hvelfing höfuðkúpunnar og hins háa ennis, vilja þrungrir og jafnframt óendanlega góðlegir andlitsdrættir, bládjúp augnanna, og hin yfirjarðneska mynd verunnar, sem meir líktist einhverri svípmynd eðlisfars hennar sjálfrar, umluktri geislabjarma sem sló um hana á ýmsa vegu, en fastmótuðu jarðnesku formi — allt lagðist þetta á eitt um að vekja mér einhverja þá tilfinningu fyrir hárrí göfgi, sem ég hafði ekki þekkt áður.

Gagnvart slíkri veru fannst mér ég vera sjálfur eins og ófullkominn, efnisbundinn jarðar-dvergur.

Allt í einu sneri veran sér að mér: Augu hennar hvíldu á mér, eins og þau horfðu í huldustu djúp huga míns. Augun, sem voru hálfu stærrí en mannsaugu, sögðu mér þá sögu, að annarskonar sólskin og lengra komin lífsþróun hefði mótað gerð þeirra — en sjálfum fannst mér eins og ég sykki í eitthvert óendanlegt ljóshaf við að mæta þessum augum.

Ég skynjaði almátt lífandi aflsvæðis þessarar veru og varð jafnframt var við hugsanir hennar, sem leituðu svo ákveðið til mín og voru mér svo auðskildar, að það var eins og þær væru orðaðar á móðurmáli mínu. Það sem þessar aðsendu hugsanir vildu segja mér, var, að heimkynni mitt Jörðin væri aðeins ein af billjónum hnatta, sem byggðir væru vitibornum verum og ennfremur, að þar sem á framfaraleið væri komið tækju stig fullkomnunarinnar við hvert af öðru, þannig, að órjúfandi heild lengra jafnt sem skemmra kominna vera næði að myndast.

Þegar vera þessi færði sig úr stað, líktist hreyfing hennar meir því að svífa en ganga. Það var eins og hún hefði þyngdaraflið, sem sífellt fjöttrar okkur jarðardvergana við hina föstu fold, fullkomlega á valdi sínu. Hið líðandi göngulag hans vakti mér endurminningar um flugdrauma mína, þar sem ég gat með þýðum hreyfingum á svípstundu hafið mig upp yfir hina hæstu turna.

Enn er það ótalið sem mér fannst þó mest um vert, en það var að hugsanir hans snertu tilfinningar mínar miklu dýpra en ég hefði getað ímyndað mér. Var þetta hið svokallaða 'hugtal' eða 'mál andanna', sem væri þá hið sama fyrir allar verur sem vaknaðar eru til vitundar um samband alheimsins?

Ég hafði ekki fyrr numið hinar fyrstu hugsanir hans en ég fór að njóta þeirrar sælukenndu tilfinningar að vera *kominn heim*, meir en ég hafði nokkurntíma átt að fagna í veikindum þeim og þjáningum sem sett höfðu svo mjög mark á æsku mína. Það var eins og þúsund fjötrar sem þvingað höfðu mig lengi féllu af líkama mínum og vilja.

Andblær hugsananna, hið sálræna aflsvæði þessarar veru, var mér nærri því eins og áþreifanlegt; og það þýddi: *vilja* hennar, og það var mér einungis til gleði og ánægju að laga mig eftir þeim vilja. Ég skildi að vegur hugsunarinnar frá einni sál til annarar er hinn eiginlegi beini vegur gagnkvæms skilnings, en leið sú sem töluð og rituð orð og myndir fara er krókaleið.

Meðan á hinu „andlega samtali“ okkar stóð, varð ég var við straum hugarmynda, sem gerðu mér ljóst að þessi guðlega ofurvera var að tala til mín vegna þess að ljóst var, að ég væri „leitandi sál“. Sjálf nefndi veran sig *Samana*. Sól þessara heimkynna, sem mér virtist skína tíu sinnum bjartar en vor sól, og vera stjarna sú sem við nefnum Sírius, heitir þar *Jíva*. En hvíta litla sólin í því sólhverfi nefnist *Anu*, en sjálf reikistjarnan eða hnötturinn sem ég stóð þarna á nefnist ‘*Maha*’ eða *Magna* og sama nafn er haft um mannkynið, sem þann hnött byggir.

Nafnið ‘*Samana*’ skildist mér vera nokkuð sem einkenndi stöðu hans í mannfélagi *Magnanna*, og þýddi svo mikið sem stjarngæzlumaður og vilja-aflfræðingur en hvað í þvílíkum nafngiftum fælist var mér í fyrstu ómögulegt að renna nokkurn grun í.

Það sem *Samana* reyndi að segja mér umfram þetta, var mér í fyrstu óskiljanlegt, og mér fannst eins og brygði fyrir meðaumkunarglampa í augum hans. Mér fannst hann gefa mér í skyn, að hann yrði að ljúka samtalinu í þetta sinn vegna þess, hve veikbyggður líkami minn á stjörnunni jörð væri . . .

Enn var ég frjáls af fjötrum líkamans og þyngdarinnar, en allt í einu vaknaði ég til meðvitundar um það að líkami minn, lamaður og magnlítill lá í rúmi mínu — fjarri hinni sælu samstillingu við veruna fögru, og vissi ég þegar að óendanlegar geimvíðáttur skildu nú á milli okkar. (framhald).

P. G. þýddi.

Erindi og greinar

FJARHRIFA-AFLSVÆÐI ÍSLANDS

1. Sambandskraftur í stað stjórnmála.

Ísland hefur verið hersetið land í rúm 38 ár og hafa landsmenn löngum unað þessu nábyli misjafnlega vel. Menn hafa borið ýmsar ástæður fyrir sig, en kjarni hinnar lífseigu andstöðu hefur þó jafnan verið sá, að menn hafa fundið að návist þessi verkaði lamandi á vilja þjóðarinnar til að vera nokkuð af sjálfri sér. Til þess að endurvekja vilja þjóðarinnar til að vera sú sem hún er, halda við máli og menningu og þroska áleiðis, byggja landið, hafa sjálfstæða framkomu gagnvart annarra þjóða mönnum, er nauðsynlegt að láta allan erlendan her hverfa af landi brott og komi enginn í staðinn. Og nú vill líka svo vel til að þetta er hægt. Nú þegar allir stjórnmálaflokkar hafa gefizt upp á andstöðu og sætt sig við að búa í skjóli herstöðvar er einmitt tækifærið til að láta þetta verða, sem svo marga hefur dreymt um en aldrei orðið framgengt. Það hefur sýnt sig endanlega, að hinar stjórnmálalegu aðferðir hafa brugðizt og geta ekki borið árangur.

Til þess að málinu verði framgengt verður að leita annarra leiða. Réttta aðferðin er sú að hver og einn beiti þeim *krafti hugans*, sem enginn neitar nú lengur, að menn hafi yfir að ráða — í misjafnlega miklum mæli að vísu, en allir þó eitthvað — til þess að þetta megi verða. Þeir sem mótmæla því að kraftur hugans sé til, eru með því að mæla með áframhaldandi hersetu, en þeir sem viðurkenna þá staðreynd, hafa kraftinn með sér og hljóta því að sigra.

2. Nokkrar ástæður þess að árangursvænlegra er með þessari aðferð nú en áður.

Enginn, sem hefur augun opin fyrir því sem til tíðinda ber erlendis kemst hjá því að sjá, að fræðin um kraft hugans (fyrirburðafræði, parapsychology) eiga nú miklu meira fylgi að fagna en áður var. Í Sovétríkjunum og Bandaríkjunum eru slíkar rannsóknir stundaðar af ofurkappi, og það sem menn heyra í fréttum um ráðstefnur, samþykktir og beitingu þessara krafta á alþjóðlegum mótum, er aðeins örlítið brot af því, sem er að gerast. Þó að frelsi einstaklinga sé mun meira á Vesturlöndum en austurfrá, má segja, að einokun hinna stóru fréttastofa komi fram sem nokkurskonar ritskoðun. Það mætti jafnvel segja, að þær dylji fréttir af þessum efnum, nema þegar þær beinlínis neyðast til að segja frá, eins og í heimsmeistaraeinvíginu í skák á Filipseyjum, — og er þá jafnvel reynt að rangtúlka þær dálítið, svo sem með því að gefa í skyn að öðrum keppandanum þyki vont að láta horfa lengi á sig og annað í þeim dúr. Engin ástæða er þó til að trúá á slíkar túlkanir, því að hversvegna ætti keppanda að þykja verra, þótt fyrirburðafræðingur horfi á hann en einhver annar, ef verkanir af slíku væru aðeins ímyndanir. Og heimsmeistarar í skák eru vissulega ekki menn sem láta segja sér hvað sem er, heldur eru þeir einmitt meðal þeirra, sem gerst vita um atburði að tjaldabaki. *Fyrirburðafræði (parapsychology) eða bein hugaráhrif eru að verða æ áhrifaríkari þáttur í framvindu mála um alla jörð.*

Það er því síður en svo óskynsamlegt að ætla, að slíkur áhrifa-valdur geti komið því til leiðar, að herbúnaður, herlið og leynimakk hverfi með öllu á brott frá Íslandi, ef Íslendingar sjálfir hafa hug og dug til að beita þessu afli.

3. Sambandskraftur á Íslandi og leiðir til að beita honum.

Um tíma var hér á landi þó nokkur aflstöð sambandsáhrifa, og eftir nokkurt hik gagnvart þeirri gömlu trú, að allt hljóti hér heima að vera minna um vert en annarsstaðar, var eins og Íslendingar ætluðu að fara að geta borið sig vel í þessum efnum. Svo varð þó því miður ekki, og er ástæðunnar að leita í þeim gamalgróna hugsunarhætti, að „þeir hálærðu í útlöndum“ hljóti að vita alla hluti bezt. Nokkrir miðaldra íslenzkir áhrifamenn, sem lærðu í útlöndum fyrir 15—30 árum, meðan þessi efni nutu enn lítillar virðingar á háskólasviði, halda enn, að allt sé svo sem þá var. Og í krafti aðstöðu sinnar streitast þeir á móti straumi tímans.

Mjög fróðlegt er að veita því athygli, að þegar einhverjir verulegir atburðir af „fyrirburða“-tagi taka að gerast hér á landi (flj. diskar, hreyfifyrirbæri, „loftsjónir“ ofl.), eru undirtektirnar í fyrstu yfirleitt mjög jákvæðar. En smámsaman tekur einskonar tregðulögmál að segja til sín, sem að nokkru leyti á rót sína í kæruleysi gagnvart því hvað rétt er. Sveifla almenningsálitsins snýst við, rengingar og brigsl koma upp, og dregur þá úr krafti fyrirbæranna (stillilögmál). Margir sem trúðu í fyrstu fara þá að halda að sér hafi missýnt og ekkert hafi gerzt. Menn varast það ekki alltaf nógu vel, að það er hugarfarið og afstaðan gagnvart slíkum hlutum, sem byggir þá upp eða dregur úr þeim kraft.

Sambandskraftur á Íslandi hygg ég, að sé nú í lágmarki, og þó heldur betra nú en fyrir svo sem einu ári. Ég rökstyð þetta ekki frekar, en vil benda á að eðlisfræðiráðstefnan „Frontiers of Physics 1977“ olli hér nokkrum þáttaskilum. Þar fór saman þekking og metorð þátttakenda, sem margir hverjir eru í fremstu röð, og svo hitt, að raunveruleg fyrirbæri gerðust á sjálfri ráðstefnunni. Almenningsálitið á Íslandi, gagnvart slíkum hlutum, hefur að einhverju leyti rétt við eftir þennan viðburð.

Í framhaldi af ráðstefnuhaldi þessu hef ég gefið út tvær ritgerðir á ensku máli um viðfangsefni hennar, og var önnur erindi um eðli drauma, sem ég flutti þar, en hin frásögn af ráðstefnunni í heild og þeim krafti, sem hún hefur yfir að búa. Af þessu leiddi ég í fyrsta sinn þá ályktun, að allur erlendur her skyldi víkja frá Íslandi fyrir áhrifum þess sama kraftar, sem þarna hafði svo berlega komið í ljós og viðurkenndur verið. Náttúrlega tók ég í þessu ekkert tillit til þess, hvort hinum erlendu gestum, sem margir urðu þarna góðir kunningjar mínir og sumir ágætir, mundi líka betur eða verr. Sjónarmið mín voru þarna algerlega íslensk og vinn ég það ekki fyrir „vinskap manns“ að víkja frá þeim, hversu ágætir sem menn annars eru. Ég hef líka orðið þess var að ritgerð mín: *Óðins-tilraunin eða sköpun framfarabæfs hugarafsvæðis á Íslandi. (The Odin-Experiment: The Creation of a Progressive PSI-Field in Iceland)* hefur vakið þó nokkra athygli meðal erlendra lesenda og greitt fyrir ýmsu, sem í rétta átt stefnir.

4. Vilji og aflsvæði. Ísland er aflstöð.

Róum því nú er lag, sögðu sjómenn, og lagið er það, að þeir sem hér sjá möguleikana, geri þá að veruleika. Tvennt er hér mikilvægast: annarsvegar staðfastur *vilji*, því að vilji er kraftur,

og einmitt af því eðli sem hér er talað um; hinsvegar opinn hugur gagnvart *draumum og fyrirbærum*, sérstaklega þeim sem þetta mál varða, og í framhaldi af því: að segja frá þeim og birta þá. Með því eru þessi sambandsfyrirbæri leidd fram til þeirra áhrifa sem þeim ber, og í þvílíkum hlutum birtist það sem verða á. En það mun reynast sannleikur að þegar okkur tekst að byggja upp það aflsvæði hér, sem úthýsir einu herveldi, þá er enginn sá máttur til hér á jörð, sem getur gengið í það skarð. Aflsvæðið leyfir það ekki. Og það mun einnig reynast svo, að þegar þessi tilraun hefur tekizt munu áhrif hernaðarstefnunnar fara þverrandi um alla jörð, tilraunir líkar þessari fara að takast annarsstaðar. Eru Íslendingar því með þessu frumkvæði einnig að vinna fyrir aðrar þjóðir og gerast með því forustu-þjóð mannkynsins, eins og svo mjög hefur spáð verið um. Ísland verður þá „hið andlega sjakra (kraftamiðja) veraldarinnar“ eins og Michael Ayre spáði árið 1921, og Ævar Kvaran hefur nýlega endurupptekið í útvarpinu (9. 9. '78).

Við skulum láta herinn fara, því að það er hægt og til þess að þetta gerist, þarf ekki annað en rétta byrjun. Réttu byrjunin er sú að hver sá, sem þetta les, geri upp hug sinn um það, hvað hann vill, og láti síðan vita af því. Reynsla mín er sú, að þegar málið er tekið upp á þessum grundvelli, bregðast menn allt öðru vísi við því en þegar stjórnámálum er í það blandað. Einhuga samþykki fámennra hópa er hér meira virði en óljósar meirihlutasamþykktir, þótt fjölmennari séu. Einhugur þeirra, sem vita hvað þeir eru að gera í þessum efnum, er það, sem hér veldur úrslitum. Hér koma einfaldlega til önnur lögmál en þau, sem gilda í stjórnámálum.

5. Aflsvæðið er þegar farið að myndast.

Það er einkenni á þeim tilraunum sem lengst komast í hverju einu, að þær byrja smátt. Tilraunin til að koma hernum úr landi með fjarhrifum er þegar hafin. Ég minntist á ritgerð þá á ensku máli, sem ég sendi úr landi í vor sem leið, til áhrifamikilla manna. Í framhaldi af því var þetta mál til umræðu á fundi Nýalssinna 2. ágúst sl. Alsamþykki var um, að þetta skyldi reynt, en engin samþykkt gerð. Nánar var þetta reifað á félagsfund 6. sept., einnig án þess að nokkur lýsti sig ósamþykkan. Dálftið athyglisvert er það, að nokkrum dögum eftir ágústfundinn kom fram í síðdegisblaði svofelld fyrir sögn: „Vondi kallinn í kúlunum“. Var þar verið

að segja frá þeirri trú, sem breiðzt hefur út meðal barna á Suðurnesjum, að „vondi kallinn“ eigi heima í viðvarana-(radar-) kúlum varnarliðsins. Hvassari gagnrýni á herbúnaðinum er varla hægt að hugsa sér en þá, að vondi karlinn sé í honum. En vel mætti hugsa sér, að þessi frétt hafi fengið byr undir vængi vegna stilliáhrifa frá hinum einhuga fundi Nýalssinna 2. ágúst. Og það eru einmitt svona trúarlegar og afstöðumótandi hugmyndir, eins og þær sem börn hafa, sem eru í fyrsta lagi næmar fyrir slíkum áhrifum.

Sá sem þetta ritar hefur um langt skeið reynt að fylgjast með því sem kalla mætti hugarhræringar þjóðarinnar, gagnvart her-setunni og öðrum viðkvæmum málum. Þegar allar öfgar og meiðyrði eru frá dregin, má segja að tvær aðalskoðanir séu uppi í þessum efnum. Önnur er sú sem segir, að fari annað af tveim mestu herveldum jarðarinnar í burt héðan, þá komi hitt óhjákvæmilega í staðinn, og munu þess fæstir óska. Hinsvegar eru svo þeir, sem segja að þetta muni ekki verða, og láta í veðri vaka, að vanda-laust sé að vera án hersetu. Hvor skoðunin er réttari? Hjá því getur ekki farið, að um leið og byrjað er hér að byggja upp fjarhrifa-fríðaraflsvæði, missi báðar þessar skoðanir áhrif sín og gildi. Einungis með því að byggt sé upp slíkt aflsvæði er hægt að vera öruggur um að ekki komi aðrir í staðinn. Þessvegna eru þeir, sem leyfa sér að mæla á móti slíku aflsvæði og fyrirbærum þess, *hinir mestu fylgismenn hersetunnar*. Og hér er það nú sem sjá má glögglega fram á hinn mikla möguleika. Takist þessi tilraun, sem nú er hafin, til að koma erlendum her úr landi með fjarhrifum, *mun fríðaraflsvæðið vaxa hér í blutfalli við árangurinn*. Afleiðingin verður sú sem áður sagði, að hinir geta ekki komið. Það er líka mikilsvert að gera sér grein fyrir því, að þar sem nú er komið á þá leið, að stórveldin eigast í vaxandi mæli við með tilstyrk fjarhrifa, (sbr. yfirlit Gromykos á allsherjarþingi S. Þ. 26. 9. '78), eru þau miklu berskjaldaðri fyrir slíkum áhrifum frá lítilli þjóð en áður hefur verið. Möguleikar okkar Íslendinga eru í þessum efnum svo margfalt betri nú en nokkru sinni fyrr, ef við aðeins gerðum okkur grein fyrir þessu og hagnýttum okkur það.

6. Aflsvæðið hér — og á öðrum hnöttum.

Flestir, sem raunsæir vilja vera, viðurkenna nú orðið, að líf muni vera á öðrum stjörnum í geimnum, og að jarðarbúar séu ekki hinir einu íbúar alheimsins. Af þessu leiðir, að margir eru

farnir að líta á þróun mála og stefnu atburða hér á jörð sem þátt í heimsverðandi. En það þýðir, að samskonar atburðir þeim sem hér gerast, eru að skapast samtímis á fjöldamörgum stjörnum öðrum. Afslvæðin eru því skyld á hinum ýmsu hnöttum á sama stigi, hafa áhrif hvert á annað og fléttast saman í einu og öðru. á sumum slíkum hnöttum er til smáþjóð, sem gæti haft sérstæðu hlutverki að gegna í sögu mannkyns síns, og til þess að geta gegnt því hlutverki þarf hún þess mjög með að hreinsa land sitt af öllum hernaðarmannvirkjum. En menn eru þar ráðlausir, og skiptir í fylkingar eftir fylgi við hin ýmsu herveldi. Loks kemur upp það ráð, að koma hernum í burt með hugarkrafti. Þá skiptir mestu, að þeir sem þessu fylgja, hafi vitneskju um samskonar tilraunir á öðrum hnöttum. Með því að skilja eðli drauma geta menn náð þeirri vitneskju, og þegar hún fer að berast á milli örvar hvert afslvæðið annað til vaxtar. Afslvæðin samstillast á hinum ýmsu hnöttum, og fullkomnari íbúar enn annarra stjarna geta farið að auka kraft þeirra og veita aðstoð. Afslvæði af þessu tagi eru svo þroskavænleg af því að þau byggjast á þjóðernistilfinningu, en sú tilfinning ristir mjög djúpt, og er í samræmi við alheimsviljann. Þjóðernishreyfing friðarins verður eingöngu til góðs, og hún ryður sjálfkrafa í burtu öllu sem er af óþjóðlegum rótum runnið.

Á grundvelli þess, sem nú var rakið, má orða stefnuna á þennan veg: Með sambandskrafti okkar, sem er vilji okkar, munum við stefna öllum erlendum her með útbúnaði sínum úr landi. Með þessum vilja okkar og hug, stillum við til breytingar á lífafslvæði jarðarinnar, og hlutir sem virtust ógerlegir fara að gerast sjálfkrafa. Með þróun hins nýja lífafslvæðis hefst að nýju framsókn gotneska ættstofnsins á stjörnunni Jörð. Allur erlendur her á að hverfa endanlega á brott af Íslandi og enginn annar að koma í stað hans.

Þorsteinn Guðjónsson.

**Fjarhrifavaldið fengið er
frægðarþjóðinni: Íslendingum.**

UNDARLEG SVIPSÝN

Mig langar til að segja frá kynlegum fyrirburði, eða réttara sagt sýn, sem bar fyrir mig og bróður minn, fyrir rúmlega hálfu fjórða ári síðan, og sem ég fékk nú síðast liðið haust nokkra skýringu á. Ef til vill þykir þessi frásögn mín ekkert merkileg, og sennilega verður hún aldrei birt á prenti, en mér fyrir mitt leyti, finnst hún ekki ómerkilegri en ýmsar þær sagnir um dulræn mál-efni, sem nú eru víða birtar á prenti, en óvíst er að öðrum sýnist svo.

Á upvaxtarárum mínum á Eyvindarstöðum í Vopnafirði bjó á næsta bæ, Vindfelli, maður að nafni Gísli Gíslason. Hann var þingeyingur að ætt, orðinn ekkjumaður löngu fyrir mitt minni. Bjó hann með ráðskonu, sem var ættuð héðan úr Austur-Skafta-fellssýslu. Áttu þau saman einn dreng, sem var 6 árum eldri en ég. Eftir konu sína átti Gísli 3 dætur. Sú elsta, Margrét, var dáin fyrir mitt minni, en hinar voru þá fulltíða stúlkur er ég fer að muna eftir mér og báðar búnar að vera í skóla. Sú eldri, Ingunn, þá nýbúin að ljúka námi í Kennaraskólanum, var við barnakennslu, farkennslu, á vetrum, en var heima á sumrum. Hin var alveg heima. Báðar voru þær systur afburða vel gefnar, einkum Ingunn, og svo hafði sú elsta líka verið. Inga, en svo var hún oftast nefnd, stundaði svo kennslu í nokkra vetur, en svo fór hana að langa til að læra meira, og ef til vill að velja sér annað lífsstarf. Sótti hún þá um skólavist við lýðháskólann í Voss í Noregi og innritaðist í þann skóla. Líkaði föður hennar það mjög vel, að hún skyldi vilja læra meira, því hann var sjálfur framúrskarandi gáfumaður og fróðleiks-fús, og batt hann miklar vonir við þessa gáfuðu dóttur sína. Fór Inga svo í þennan skóla.

Man ég alltaf, þótt síðan séu liðin nærri 62 ár, hvernig veðrið var þegar Inga kom að kveðja okkur. Þetta var síðast í ágúst. Alheiðríkt loft, fullt tungl skein á himni og mjög stjörnubjart, því loft var óvenju tært. Liðið var langt á kvöld er hún fór frá okkur. Mjög nán vinátta var á milli heimilanna, hennar og okkar, og þær Inga og mamma voru tengdar órjúfandi vináttuböndum, enda áttu þær svo mörg sameiginleg áhugamál. Inga var mjög góð við okkur systkinin, sem og Guðbjörg systir hennar og allt heimilisfólkið á Vindfelli. Þegar Inga fór, fylgdi mamma henni á leið, sem og venja þeirra alltaf var, er þær heimsóttu hvor aðra. Ég fékk að fara með. Allhár háls er á milli bæjanna, og er upp á hálsinn var komið

ætlaði mamma að snúa heimleiðis. En þá áttu þær svo margt ósagt hvor við aðra, að þær gengu nokkrum sinnum fram og til baka uppi á hálsinum. Aðallega töluðu þær um bækur. En svo fóru þær að horfa á dýrð stjörnuhiminsins, og man ég að þær sögðu að óhugsandi væri annað en að líf væri á ótal mörgum hnöttum öðrum en jörðinni, þó verið gæti, að ekki væru skilyrði til þess að líf gæti myndast nema á fáum stöðum í hverju sólhverfi. Ég hlustaði með mikilli hrifningu á tal þeirra, því ég hefi alltaf verið mjög hrifin af að lesa um eða heyra talað um slík mál. Þó hafði ég vit á að þegja, en hlustaði þeim mun betur. Að lokum kvaddi Inga okkur og hélt heimleiðis. Ég man að ég fór að gráta þegar hún kvaddi mig, því mér þótti mjög vænt um hana, og ekki var heldur laust við að mamma táraðist, þótt stillt væri. Þegar Inga var svo komin æði spöl frá okkur, sagði mamma að hvorug okkar myndi eiga eftir að sjá hana aftur, sem og líka varð. Hvernig sem hún hefur vitað það; ég spurði hana aldrei að því, en líklegast hefur það verið sterkt hugboð. Hún fékk þau aldrei oftar en í það sinn.

Nokkrum sinnum skrifaði Ingunn mömmu, meðan hún var í skólanum í Noregi, um leið og hún skrifaði pabba sínum og systkinum. Og svo kom að því að hún var búin að ljúka námi þar. Íslensk stúlka, sem við könnuðumst dálítið við, og dvaldi í Noregi á sama tíma, lét hafa það eftir sér, að Inga hefði tekið langhæsta próf af öllum nemendum skólans og hefði skólastjórinn látið svo um mælt, að hún væri alveg óvenjulega gáfuð stúlka, enda var það sama reyndar haft eftir Magnúsi Helgasyni, skólastjóra kennara-skólans í Reykjavík, þegar hún var þar. Svo fréttist það næst af henni að hún væri komin til Kaupmannahafnar og væri komin þar í háskóla, en hvaða nám hún lagði þar stund á, það fréttum við aldrei.

Litlu síðar dundi ógæfan yfir. Það var um nýársleytið þann vetur, að við og fólkið hennar, fréttum að hún væri komin á Klepp, hefði hún allt í einu bilast á geði, og það svo mikið að ekki þótti annað fært en að senda hana heim, og þá auðvitað á Klepp. Litlu síðar leystist heimilið á Vindfelli upp. Gísli dó tveim árum síðar, og Guðbjörg, yngri systirin, missti heilsuna og varð að fara á heilsuhælið á Vífilsstöðum. Pálína, ráðskona Gísla, flutti hingað til til Hornafjarðar, til áttþaga sinna, og sonur hennar með henni. Þegar Guðbjörg gat farið af hælinu, kom hún hingað líka. Hefur líklega viljað vera nálægt bróður sínum, sem þá var búinn

að eignast heimili, í næstu sveit við Höfn. Keypti hún sér þrjóna-
vél og hafði ofan af fyrir sér með því að þrjóna fyrir fólk. Einnig
vann hún ýmislegt fleira, en þoldi ekki erfiða vinnu og náði aldrei
fullri heilsu, enda varð hún ekki gömul.

Oft fór Guðbjörg til Reykjavíkur, og hún kom þá alltaf til
systur sinnar. Fyrstu árin var Ingunn svo rugluð, að hún þekkti
ekki systur sína, en er frá leið fór henni að batna það mikið, að
hún bæði þekkti Guðbjörgu og mundi eftir ýmsum, sem hún
hafði þekkt. Meðal annars sagði Guðbjörg að hún hefði alltaf
spurt eftir mömmu og börnum hennar. Og hafði þá oft sagt að
mamma hefði verið sín besta vinkona. En þetta hefði aldrei varað
nema stutta stund, svo hefði verið eins og allt lokaðist fyrir henni.
Á síðustu árum sem Guðbjörg lifði, sagði hún að hefði þó verið
farin að koma í ljós auðsýnileg batamerki, og þá var hún farin
að geta unnið dálítið. Og alltaf sagði Guðbjörg að hún hefði spurt
eftir mömmu og okkur systkinum.

Svo dó Guðbjörg og eftir það fréttum við aldrei neitt af Ingu
í fjölda mörg ár. Bróðir hennar, sem var eini nákomni ættinginn,
sem hún átti í föðurætt, missti allt samband við þessa hálf-systur
sína, eftir að Guðbjörg dó. Hún átti nokkra nákomna ættingja í
móðurætt í Vopnafirði. En þeir höfðu víst aldrei neitt samband
við hana, eftir því sem við fréttum. Hún mátti því heita algerlega
týnd. Fjórum árum eftir að bróðir hennar dó, hann dó á miðjum
aldri, fréttum við samt af tilviljun af henni. Maður sem á heima hér
á Höfn, var um tíma í Reykjavík. Sagði hann Stefáni bróður mín-
um, að í sama húsi og hann var í, hefði leigt kona að nafni Ingunn
Gísladóttir og hefði hún verið frá Vindfelli í Vopnafirði. Hún
hefði þá fyrir skömmu verið komin af Kleppi, og hefði bærinn
séð henni fyrir herbergi þarna. En ekki var betur séð fyrir mestu
olnbogabörnum þjóðfélagsins en það, að hún hefði aðeins haft
rúmlega til þess að borga leiguna eftir herbergið og hefði orðið
að betla sér aura á götunum, til þess að hafa eitthvað fyrir fæði
og einhverjum klæðnaði.

Svo grimm voru þá forlögin orðin þessari óvenjulegu hæfileika-
konu. Eftir það fréttum við aldrei neitt af henni og vorum við
að vona að hún væri dain, því betra var ekki hægt að óska henni,
eins og þá var komið.

Þá kem ég loks að því, sem varð til þess að ég skrifa þessa
grein. Haustið 1974 var sett á stofn hér á Höfn elli- og hjúkrunar-
heimili og vorum við Stefán bróðir minn fyrsta vistfólkið, sem

kom hingað. Nokkrum vikum áður en við fluttum, það hefur líklega verið í byrjun septembermánaðar, því við fluttum hingað 1. október, vorum við stödd að kvöldlagi í eldhúsinu okkar, því þetta var rétt eftir kvöldmat. Verður mér þá litið á klukkuna og sé að hún er að verða 8. Segi ég þá: „Það er líklega best að koma sér upp á loft, ef við eigum ekki að missa af sjónvarpsfréttunum“. Stefán játaði því. Urðum við svo samferða að stiganum, sem lá upp á loftið. Stefán var aðeins á undan og komin í 3. eða 4. tröppuna. Þá sé ég að á undan okkur upp stigann gengur kona. Ekki sá ég nema á bakið og vangann á henni, en eftir klæðnaði hennar og baksvip tók ég vel. Hún var í gráum aðskornum kjól, töluvert síðari en nú er algengast. Nokkuð var hún há, en grönn og hárið gljásvart, fléttað í tvær þykkar fléttur, sem féllu niður bakið, niður fyrir mitti. Ekki þekkti ég hana, en fannst þó eitthvað kunnuglegt við hana. Fannst helst eins og ég hefði séð hana fyrir óralöngu. Þetta stóð ekki nema sem svaraði örfáum sekúndum, svo hvarf hún.

Pegar við Stefán vorum sest niður inni í herberginu, þar sem sjónvarpið var, segir hann: „Sástu gestinn?“ „Pennan sem gekk á undan okkur upp stigann?“ spyr ég. „Já,“ segir hann, „nú þú hefur þá séð hann líka; það kemur sjálfsagt einhver, þetta hefur verið fylgja. En það var einkennilegt að hún minnti mig svo mikið á einhvern, sem ég hefi séð fyrir löngu“. Þá segir hann: „Mér fannst hún svo lík henni Ingunni frá Vindfelli“. Þá rann upp ljós fyrir mér og ég segi: „Já, þarna kemur það, hún var einmitt svona búin er hún kom að kveðja okkur, og hún var með flétturnar niður á bakið, en ekki uppsett hár, eins og hún gerði oftast. Ég man þetta svo glöggt núna. Hún er sjálfsagt dáin, og líklega kemur einhver bráðlega, eða á morgun, frá Grund“, en svo heitir bærinn, þar sem börn bróður hennar bjuggu. Sagði Stefán að það væri ekki ólíklegt. En svo fór samt að enginn kom frá þeim bæ fyr en löngu seinna. En við vorum alveg sannfærð um að hún væri dáin. Nokkru síðar kom bróðir okkar að heimsækja okkur. Hann býr í Reykjavík. Sögðum við honum frá þessari sýn, og var hann sannfærður um það, eins og við, að Inga hlyti að vera dáin, og líklega hefði hún dáíð á þeirri sömu stund og við sáum hana. Svo í haust, þremur árum síðar en þetta var, fór mig að dreyma Ingu, nótt eftir nótt, en slíkt var ekki venjulegt, þótt oft yrði mér hugsað til hennar. Og á meðan mamma og Stefán bróðir minn lifðu, töluðum við oft

um hana, en nú voru þau bæði dáiñ. Eina nótt dreymir mig svo mömmu og þykir mér hún segja meðal annars: „Nú er Inga að fara heim í Vindfell“. „Það getur ekki verið“, segi ég, „henni batnar víst aldrei svo hún geti það“. „Jú, nú er henni alveg batnað“, segir hún, „og líður vel“. Sá ég þá Ingu koma í áttina til mín, alveg heilbrigð að sjá, og frískleg, og við það vaknaði ég. Síðan hefur mig aldrei dreymt hana. En um það bil viku seinna en mig dreymdi þetta, kom til mín vinkona mín, Sigríður Kolbeins að nafni. Hún er ættuð úr Nesjasveit í Austur-Skaftafellssýslu, og er gift séra Gísla Kolbeins, sem er nýlega orðinn prestur í Stykkishólmi. Hún sagðist hafa fréttir að færa mér. Þá fyrir skömmu hefði dáið á kaþólska spítalanum þar, fjörgömul kona, og báðu systurnar þar prestinn að jarðsyngja hana. Sögðu þær að hún hefði verið búin að vera hjá þeim í 30 ár. Hefði hún verið búin að vera á Kleppi mjög lengi, en svo hefði henni loks batnað, og farið þaðan. En fljótlega hefði sótt í sama horfið með heilsufarið og hefði hún þá verið send til Stykkishólms. Hefði hún fyrst verið mjög rugluð, en svo hefði henni smám saman farið að batna, og á seinni árum hefði hún virst albata. Hefði hún eitthvað unnið þar og komið sér vel. Undruðust þær mjög hvað hún hefði verið afburða fróð, og hefði verið auðheyrt á öllu hennar tali, að hún hefði verið hámenntuð. Aldrei hefði hún minnst á sitt fyrra líf, aðeins sagt að hún hétí Ingunn Gísladóttir og hefði alist upp í Vindfelli í Vopnafirði. Báðu þær prestinn að flytja ræðu, því þær vildu hafa útförina virðulega. En þá vandaðist málið, því enginn vissi neitt um fortíð þessarar konu. Hún hafði verið algjörlega týnd, og enginn spurt eftir henni. Tók þá prestur til þess ráðs að fara til Reykjavíkur til þess að vita hvort hann gæti komist að nokkru um fortíð þessarar konu. Það tókst; hann komst að því að hún hafði gengið í skóla innanlands og utan og verið kennari í Vopnafirði um tíma. Frú Sigríður, sem þekkt hafði Guðbjörgu, systur Ingunnar, mundi þá eftir að hún hafði oft heyrt hana minnst á þessa systur sína og hin sorglegu örlög hennar, einnig sagðist hún muna, að hún hefði heyrt mömmu mína og okkur systkinin minnst á hana. Langaði hana því til að útförin mætti verða sem virðulegust, spilaði sjálf á orgelið í kirkjunni og fékk kirkjukórinn til að syngja. Er ég henni hjartanlega þakklát fyrir það.

Að endingu svo þetta. Í vetur, er ég dvaldi í Reykjavík um tíma, frétti ég svo eftir öðrum, en áreiðanlegum heimildum, að haustið

1974, líklega um svipað leyti og við sáum sýnina, hefði Ingunn veikst mjög mikið, og það svo, að um tíma hefði henni ekki verið hugað líf. Hefði hún misst alveg mál og rænu um tíma, en svo hefði henni farið að batna og hefði það þótt ganga kraftaverki næst, hvað henni batnaði fljótt. Þetta hefði verið kallað hjarta-lömun.

Og nú kemur stóra spurningin. Gat Ingunn, er hún sveif á milli heims og helju, birst okkur börnum bestu vinkonu sinnar, þótt jarðnesku fjötrarnir væru ekki alveg brostnir? Því ekki er ólíklegt að hún hafi, er hún hefur fundið að dauðinn væri á næsta leyti, hugsað til hennar eins og fyrr. Eða á maður að trúa því að hún hafi í raun og veru alveg dáið í örfáar sekúndur, eins og sumir vilja halda fram að geti átt sér stað? Þeirri spurningu verður víst aldrei svarað, fremur en svo ótal mörgu öðru um lífið, eðli þess og tilgang. Þrátt fyrir öll vísindi og skoðanir fræðimanna, verður víst alltaf ótal margt, sem aldrei fást óyggjandi svör við. Mannlegum mætti verða víst alltaf takmörk sett. Það er eins og eitthvert afl, sem okkur er yfirsterkara segi: Hingað, en ekki lengra. Hvað sem um þetta má segja, þá er ég þess fullviss, að vináttan, ef hún er sönn og einlæg, nær út yfir gróf og dauða, svo og líka ást á milli foreldra og barna, hjóna, systkina og annarra náskyldra og nátengdra mannvera, því eins og skáldið sagði: Óttumst ei, ef unnumst, endalausá geima. Hvernig sem skilja ber sýn þessa, þá væri ég fús að leggja eið út á það, að þetta bar fyrir okkur, og eins myndi Friðrik bróðir minn fúslega votta að rétt sé frá sagt, en honum sögðum við, eins og áður er sagt, frá þessu, skömmu eftir að þetta bar fyrir okkur.

Ritað í marz 1978 að Hjúkrunarheimilinu Höfn, Hornafirði.

Sigurlaug Guðmundsdóttir.

HUGLEIÐING UM FRÁSÖGN

Þessi vel samda frásögn Sigurlaugar Guðmundsdóttur hefur í rauninni alveg sjálfstætt gildi eins og hún kemur frá hendi hennar. En vegna þeirra spurninga sem varpað er fram í lokin, vil ég leitast við að svara þeim að nokkru, eftir því sem kenning Nýals gefur tilefni til.

Í Nýal bls. 312 (1. útg.) standa þessi orð: Um alla ævi mannsins stendur af honum geislan, sem kemur fram og safnast fyrir á aflsvæði skylds en lengra komins eða samstilltara mannkyns. Og það sem þessi geislan stefnir án afláts að, er að endurframleiða líkama slíkan sem hún stendur af. Þegar nú maðurinn andast, losnar orka úr hinum deyjandi líkama og kemur enn fram í sama stað. Og nú skapar þessi geislan sér nýjan líkama . . .“ og síðan er talað um, að þetta verði með tilbeina íbúa hnattarins og einnig um það, að um skyndilíkama geti orðið að ræða, ef ekki er stefnt til langrar dvalar á þeim stað.

Í þjóðsagnasafni Ólafs Davíðssonar grasafræðings — sem sumir eru reyndar ekki meiri þjóðsögur en svo, að þær eru ritaðar eftir frásögn viðstaddra vitna, er þessi frásögn:

„Árni stúdent Finsen og Þorvaldur Jakobsson, sem nú (um 1900) er prestur að Sauðlauksdal, voru hinir mestu mátar, er þeir voru í skóla. Eitt sinn er Þorvaldur var á engjum, sá hann ekki betur en að Árni stæði fyrir framan hann. Árni var í Kaupmannahöfn um þetta leyti, svo að Þorvaldur varð alveg forviða að sjá hann og ávarpaði hann eitthvað, en þá hvarf Árni“. Séra Þorvaldur skrifaði hjá sér dag og stund í vasabók sína, og fréttist síðar að Árni hefði druknað í Khöfn á þeim tíma sem Þorvaldur sá hann (1882).

Þessa síðari frásögn skil ég þannig: Geislunin, sem alla ævi hafði stafað til Árna Finsens, leitaði þegar í stað, er líkaminn var að verða ónýtur, þangað sem skilyrði voru bezt til móttöku. Í eðli sínu er aflsvæði skapað með hlýhug og vináttu, og í sjálfu sér er ekki neinn undirstöðumunur á aflsvæði vinar Árna vestur á fjörðum og aflsvæði mannkyns á öðrum hnetti þar sem framliðnir frændur og vinir skapa skilyrðin til endurlíkömunar. Svipurinn var fyrsta tilraun til endurlíkömunar en eðlilega varð þar ekki framhald á, en beinast liggur við að láta sér detta í hug að betri skilyrði hafi verið til þess í framlífsmannfélagi á öðrum hnetti. Hið sama mætti nú láta sér til hugar koma um svíp fornvinkonu móður Sigurlaugar Guðmundsdóttur, þegar hún birtist þeim systkinum um svípað leyti eða á sömu stundu og tvísýnast er um líf hennar vestur í Stykkishólmi. Svo tvísýnt mun þar hafa verið að jafnvel uppspretta kraftarins „veit ekki“ á hvorn veginn fer, að því er virðist, og er þó líklega réttara að gera ráð fyrir, að krafturinn sé ekki sparaður en að áfátt sé vitneskju þeirra sem sendu hann. Það er af því að Ingunn Gísladóttir er komin svo nærri þeim mörkum

sem heita dauði, að viðleitnin til endurlíkömunar hennar er farin að taka á sig ákveðna mynd, á aflsvæði vina hennar hér á jörð, og ef til vill einnig á framlífsjörð. En af einhverjum ástæðum varð þessu snúið við, og komst konan til nokkurrar heilsu að nýju og lifði enn í þrjú ár eftir það.

Ekki get ég skilizt við þessa frásögu án þess að minnst á það sem snerti mig mest við lestur hennar, en það eru þau tengsl sem sjá má milli hinnar sorglegu ævisögu og málefnis Nýals. Þegar leiðir þeirra móður Sigurlaugar og Ingunnar skilur fyrir rúmum sextíu árum, þá er síðasta samtal þeirra um líf á öðrum stjörnum. Það hefði mátt láta sér detta í hug, að þessi gáfaða og námfúsa stúlka, sem hugsaði um líf á stjörnunum, hefði getað orðið einn af beztu fylgismönnum Nýals að námi loknu. En því miður fór það á aðra leið. Dálítið athyglisvert er það líka, að kona sú sem ein gat þarna munað tengslin við „hið fyrra líf“ hinnar látnu, og spilaði á orgelið yfir henni, er dóttir eins hins öruggasta fylgismanns hins nýalska málefnis allt frá upphafi, Bjarna Bjarnasonar bónda á Brekkubæ í Hornafirði. Og athyglisvert er það líka, að Sigurlaug, sem varð móttakandi þeirra áhrifa sem sköpuðu svipsýnina, skuli vera farin að leggja málefni Nýals lið með jafn merkilegri frásögn og þessari.

Athyglisvert þykir mér það, að í svipsýninni birtist Ingunn í því gervi, sem Sigurlaug sá hana síðast, — með tvær þykkar fléttur, sem féllu niður bakið. Styður þetta skilning Þorsteins Jónssonar á endurminningatengslum svipsýna.

Þorsteinn Guðjónsson.

GÍGJAN

Um undra-geim, í himinveldi háu,
nú hverfur sól og kveður jarðarglaum;
á fegra landi gróa blómin bláu
í bjartri döggi við lífsins helgan straum.
Þar dvelur mey hjá dimmu fossa tali,
og drauma vekur purpurans í blæ,
og norðurljósið hylur helga sali,
þar hnígur máninn aldrei nið'r í sæ.

Þar rísa bjartar hallir, sem ei hrynja,
og hreimur sætur fyllir boga-göng,
en langt í fjarska foldar þrumur drynja
með fimburbassa undir helgum söng.
Og gullinn strengur gígju veldur hljóði
og glitrar títt um eilíft sumarkvöld,
þar roðnar aldrei sverð af bana-blóði,
þar byggir gýðjan mín sín himintjöld.

Og harpan skelfur, hátt í andans geimi
af höndum veikum snert um dimma tíð,
hún truflast fyrir undarlegum eymi,
því andinn vekur sífellt furðustríð.
Og upp af sjónum feiknastjörnur stíga,
og ströngum augum fram af himni gá,
og eldi roðnar nið'r í hafið hníga,
en hljómar dauði fjarrum vængjum á.

Ég kný þig enn þá, gígjan mín, til gleði;
hvað gagnar sífellt kvein og táraflóð?
hvað gagnar mér að gráta það sem skeði?
hvað gagnar mér að vekja sorgarljóð?
Hvað gagnar mér að mana liðna daga
úr myrku djúpi fram í tímans hyl?
Ég veit að eilíf alltaf lifir Saga,
og allar stundir nefnir dómsins til.

Benedikt Gröndal.

Draumar

Draumur um söng og svif í lofti.

I.

Mig dreymdi, að ég var úti staddur. Bjart var yfir og sá til allra átta. Staddur var ég á víðáttumikilli sléttu. Tvær konur sá ég skammt frá mér og beindist athygli mín að þeim. Fann ég að þær veittu mér athygli, og þótti mér, sem þessari athygli þeirra fylgdi góðvild til mín, og þóttist ég greinliega verða var við einskonar orkuaðstreymi til mín í sambandi við þessa athygli þeirra. Ég fann gleði fylla hug minn og einskonar magnan eða orkuhleðslu gagntaka mig allan. Og ég hófst á loft, allhátt, að minnsta kosti um 50 metra frá jörð. Ég fór að syngja, hátt og af miklum þrótti. Þetta var hátíðlegur söngur. Altekinn af fögnuði og af lotningu fyrir einhverju æðra og háleitara, söng ég hárrí röddu. Og jafnframt þessum söng fór ég að hreyfa mig á ýmsa vegu, líkt og um leikfimi væri að ræða og þó á nokkuð annan veg, en ég hef séð. Tók ég sveiflur til og frá og fór í bugður og hringi í loftinu. Vissi ég um athygli þá, er konurnar tvær beindu að mér og vildi ég hreyfa mig á sem glæsilegastan hátt og syngja sem fegurst til að þóknast þeim sem best. Fann ég og, að orkuaðstreymið, sem ég skynjaði stöðugt, stóð í sambandi við þessar konur. Og ég fann og vissi, að því betur sem ég þóknaðist þeim, því meiri orku yrði ég aðnjótandi, og gæti hreyft mig og sungið því glæsilegar. — Endaði hér draumurinn og var ég ákaflega glaður er ég vaknaði.

II.

Draumur þessi ber með sér, að um samband hefur verið að ræða við mann á öðrum hnetti, mann, sem verður slíkrar magnanar aðnjótandi, að hann getur svifið og leikið ýmsar listir í lofti.

Augljóst virðist, að konurnar tvær, sem voru í nálægð draumgjafa míns, hafa stillt hann til æðri líforkusambanda, en þaðan mun honum hafa borist magnan sú, er gerði honum fært að svífa. Enda fann hann greinilega fyrir orkuaðstreymi, og var reyndar

altekinn af þeirri tilfinningu, og þessari aðsendu magnan fylgdi óumræðileg gleði. Á jörðum þar sem vel stefnir njóta allir æðri magnanar, og í draumi fáum við stundum að kynnast þeim fögnuði, sem slíku sambandi fylgir.

Inguar Agnarsson
(Dreymt 7. apríl '78).

Draumur um blátt fjall.

Við gengum fram í Vífilsstaðahlíð, kona mín og ég og settumst þar í skjólsæla brekku. Logn var og sólarlaust en þó fremur hlýtt. Fuglarnir sungu, blómin ilmuðu og bjarkirnar skörtuðu laufskrúði sínu. Ég hallaði mér út af í mjúku grasinu, og mér rann blundur á brá.

Og samstundis varð ég samsála annarri vitund. Ég fékk samband við fjarlægán draumgjafa, einhvern mann í fjarlægð, og ég skynjaði það, sem hann sá á þessari stundu.

Mér þótti ég standa úti undir berum himni og við mér blasti fjall, hátt og mikið. Og þetta fjall var blátt, dökkblátt eða fagurblátt. Þrátt fyrir blámann, var þetta fjall ekki mjög langt í burtu, en ekki get ég þó giskað á fjarlægðina. Engir aðrir litir blönduðust þessum bláa lit fjallsins. Það var alblátt. Og ég horfði heillaður á þennan fagurbláa lit fjallsins. — Ég tók eftir himninum yfir fjallinu. Hann var mjög ljósblár, bjartur og heiður, og eins og sæi þar út í mikinn fjarska.

Nálægt mér, þar sem ég stóð, var bunguvaxin hæð, og bar við fjallið neðan til. Þessi hæð var ýmist brúnleit eða grænleit og þótti mér hún vera vaxin gróðri.

Í draumnum gerði ég engar ályktanir um hið séða landslag. Og engar rangbýðingar vegna eigin vökuminninga komu heldur fram í huga mér. Þetta var sterk draumsýn og ótrufluð af áhrifum úr eigin vökuvitund.

Svo vaknaði ég, gagntekinn eins konar gleðitilfinningu, sem vafalaust hefur borist mér frá hinum fjarlæga draumgjafa mínum.

Draumsýn þessi stóð mjög stutt yfir, því ekki hef ég sofið nema fáar mínútur.

Inguar Agnarsson,
(Dreymt 19. júní 1977).

Verðskrá yfir Nýala

Verðskrá yfir Nýala dr. Helga Pjeturss. Útgáfan 1955.

NÝALARNIR allir, í skinnbandi, sex bindi, 1918 bls.	Kr. 17.000
<hr/>	
NÝALL, stakur, í skinnbandi, 515 bls.	Uppseldur
ENNÝALL, stakur, í skinnbandi, 275 bls.	Kr. 2.500
FRAMNÝALL, stakur, í skinnbandi, 324 bls.	— 3.400
VIÐNÝALL, stakur, í skinnbandi, 146 bls.	— 1.700
SANNÝALL, stakur, í skinnbandi, 250 bls.	— 2.500
ÞÓNÝALL, stakur, í skinnbandi, 408 bls.	— 4.200
<hr/>	
NÝALL, stakur í shirtingsbandi	Uppseldur
ENNÝALL, stakur í shirtingsbandi	Kr. 2.000
FRAMNÝALL, stakur, í shirtingsbandi	— 2.500
VIÐNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 1.200
SANNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 1.700
ÞÓNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 3.400
<hr/>	
NÝALL, stakur, heftur	Kr. 2.500
ENNÝALL, stakur, heftur	— 1.400
FRAMNÝALL, stakur, heftur	— 2.000
VIÐNÝALL, stakur, heftur	— 900
SANNÝALL, stakur, heftur	— 1.400
ÞÓNÝALL, stakur, heftur	— 2.500
<hr/>	
ENNÝALL, stakur, heftur, frumútgáfa	— 900
(Örfá eintök eftir).	

Eins og sést á framangreindum verðlista eru Nýalarnir enn til í heildum, í *skinnbandi*, en upplagið af þeim er mjög til þurrðar gengið.

Af öðrum Nýölum, stökum, sem nefndir eru í verðskránni, eru af sumum aðeins örfá eintök eftir en af öðrum meira.

Bækurnar eru til sölu hjá:

FÉLAGI NÝALSSINNA,

Álfhólsvegi 121 í Kópavogi, sími 40765.

Skriflegar pantanir má einnig senda í pósthólf 1159, Reykjavík.

Þessi verð gilda frá og með 1. október 1978.

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

K. O. Schmidt (1904—'77) og „Guðirnir á Sírfúsi“ P. G.	Bls.	75
„Guðirnir á Sírfúsi“ eftir K. O. Schmidt	—	76
Hvernig þessi frásögn varð til	Bls.	76
Úr órafjarska	—	86

ERINDI OG GREINAR:

Seyfert-vetrarbrautirnar (Sjá forsíðumynd) I. A.	—	74
Fjarhrifa-aflsvæði Íslands P. G.	—	90
1. Sambandskraftur í stað stjórn mála. — 2. Nokkrar ástæður þess að árangursvænlegra er með þessari aðferð nú en áður. — 3. Sambandskraftur á Íslandi og leiðir til að beita honum. — 4. Vilji og aflsvæði. Ísland er aflstöð. — 5. Aflsvæðið er þegar farið að myndast. — 6. Aflsvæðið hér — og á öðrum hnöttum.		
Undarleg svipsýn S. G.	—	96
Hugleiðing um frásögn P. G.	—	101

LJÓÐ:

Gígjan B. Gr.	—	104
--------------------	---	-----

DRAUMAR:

Draumur um söng og svif í lofti I. A.	—	105
Draumur um blátt fjall I. A.	—	106
Verðskrá yfir Nýala dr. Helga Pjeturss	—	107